



Auglýsing um skipulagsmál í Skútustaðahreppi Skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags Skjólbrekku og breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023

Fyrirhugað er að vinna deiliskipulag fyrir Skjólbrekku við Skútustaði og breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023. Um er að ræða 11,9 ha svæði þar sem gert er ráð fyrir íbúðaruppbyggingu.

Skipulagssvæðið er innan skilgreinds þéttbýlis í aðalskipulagi. Að vestan liggja mörk skipulagssvæðisins að eftirfarandi skipulagsáætlunum; Deiliskipulag í landi Skútustaða II og Sel-Hótel við Mývatn. Að norðan ræður helgunarsvæði Mývatnsveggar, Þjóðvegur 848. Að austan liggja skipulagsmörkin að gerfigignum Dagmálaborg en að sunnan liggja mörkin að tjörnum þar sem Framengjar byrja.

Þegar vinna við gerð skipulagstillögu hefst, skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu. Í skipulagslýsingu koma fram áherslur sveitarstjórn við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsing, skv. 1. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, mun liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar frá og með föstudeginum 19. mars til og með miðvikudeginum 14. apríl 2021. Lýsingin verður einnig aðgengileg á sama tíma á heimasíðu Skútustaðahrepps.

Kynningarfundur verður haldinn að Skjólbrekku, miðvikudaginn 24. mars kl 20:00 og varpað í lífandi streymi á facebook vef Skútustaðahrepps. Í ljósi sóttvarnarreglna skal þátttöku á kynningarfund tilkynna með því að senda póst á atli@skutustaðahreppur.is eða hringja í síma 464-6664.

Þeir sem vilja gera athugasemdir við lýsinguna eða koma ábendingum á framfæri er gefinn frestur til og með 14. apríl 2021 og skulu athugasemdir berast til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: atli@skutustaðahreppur.is

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Atli Steinn Sveinbjörnsson,
skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps